

Tillaga að gjöf Hildigunnar Birgisdóttur og i8 gallerís
til Listasafns Akureyrar.

SAFN: HILDIGUNNUR BIRGISDÓTTIR OG VERK ÚR SAFNEIGN

Þegar fyrstu listasöfnin í eigu almennings voru stofnuð á 18. öld var um leið lagður grunnur að skrásetningu listasögunnar út frá evrópskum og síðar bandarískum menningararfi. Mikilvægur þáttur skrásetningarkerfisins eru frumkvöðlapíramídar og eru þeir sérstaklega áberandi þegar kemur að list 20. aldar. Á toppi þessara píramída sitja frumkvöðlar liststefna. Þeir sem fylgja frumkvöðlunum eftir eiga svo sæti í neðri þrepum píramíðanna og neðst húka staðbundnir listamenn sem urðu fyrir áhrifum frá frumkvöðlunum og voru þar af leiðandi boðberar nýrra alþjóðlegra áherslna innan afmarkaðs svæðis, og eru þar af leiðandi staðbundnir frumkvöðlar frekar en alþjóðlegir.

Nútímalistasöfn um heim allan hafa viðað að sér listaverkum sem falla inn í þetta skrásetningakerfi, en eftir því sem safnið þjónar afmarkaðra svæði reynist erfiðara að binda safneignina frumkvöðlakerfinu. Smærri listasöfn hafa því frekar leitast eftir að tengja sig ákveðnum listamönnum og spila safneignina í kringum þá. En Listasafnið á Akureyri er ekki þannig listasafn. Það er í raun ógerningur að benda á ákveðið kerfi í söfnuninni. Eignin samanstendur af listaverkagjöfum, kaupum af sýningum eða af listamönnum frá Akureyri og nágrenni og um suma hluti er jafnvel ekki vitað til fulls hvernig þeir hafi ratað í safneignina. Þessi ólíkindalega listaverkæign er aftur á móti það sem gerir hana áhugaverða. Það er nóg af söfnum um heim allan sem vilja segja sömu söguna, en listasöfn sem hafa aðra sögu að segja, þau reynast okkur spennandi órætt rannsóknarefni og opna jafnframt aðra möguleika til að horfa á listasögu og safneign.

Hildigunnur Birgisdóttir er m.a. þekkt fyrir að nota söfnunarkerfi eða söfnunaráráttu sem innblástur fyrir myndlistarverk. Fyrir sýninguna Safn: Hildigunnur Birgisdóttir og verk úr safneign fékk hún því frjálsar hendur til að nálgast safneign Listasafnsins á Akureyri sem hráefni fyrir myndlistarsýningu. Val Hildigunnar á verkum var fyrst og fremst sótt í excel-skjal sem hún fékk sent frá safninu þar sem safneignin er skráð. Ólíkir þættir höfðu áhrif á valið. Kannski titill verks, höfundur eða jafnvel lýsing sem stundum reyndist skemmtilega óljós. Niðurstaðan er sérstök að því leyti að sýningin er í senn einkasýning Hildigunnar Birgisdóttur og sýning á verkum úr safneign Listasafnsins á Akureyri.

Jón B. K. Ransu, sýningarstjóri.

Fyrir þessa sýningu valdi myndlistarkonan Hildigunnur Birgisdóttir verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri í samhengi við verk sem hún skóp sérstaklega af þessu tilefni. Hildigunnur er meðal annars þekkt fyrir að nota söfnun og skrásetningu sem hluta af listsköpunarferli sínu. Safn, í þessum skilningi, hefur því tvöfalda merkingu: annars vegar er það eignin sem Listasafnið á Akureyri hefur sankað að sér og hins vegar listaverk eftir Hildigunni Birgisdóttur.

„Þegar mér var boðið að vinna með safneign Listasafnsins á Akureyri þótti mér það spennandi. Ekki voru til ljósmyndir af öllum verkum í safneign. Til að gæta jafnræðis valdi ég þau óséð af yfirliti verka safnsins í excel-skjali. Þar eiga öll verk sína línu, en í þær er þó mismikið skráð. Sumt var valið vegna þess sem var skráð, annað vegna þess sem ekki var skráð. Langoftast las ég á milli línanna;

Pennateikningar á umslög – Kjarval - höfundur óþekktur - japönsk trérista - landslag - Kata saumakona - kona með gleraugu II - safnstjóri - strik (á ljósum fleti) - stytta af barni sem situr – steinn - konur gerðu garðinn 1912 - eir - kústur - blint stefnumót.

Síðustu mánuði hef ég kynnst þessum verkum og boðið þeim kjörlendi þar sem þau munu dvelja næsta árið.“

Hildigunnur Birgisdóttir, myndlistarkona.

Á hverju ári setur Listasafnið á Akureyri upp sýningu á verkum úr safneign, annað hvort úr safni Listasafnsins sjálfs eða annarra safna. Þessar sýningar standa í um ár og þannig gefst gestum tækifæri til að endurtaka heimsóknir til að njóta verkanna.


Það er mjög ánægjulegt að Hildigunnur Birgisdóttir setji að þessu sinni saman sýningu á verkum úr safneigninni sem hún hefur valið, búið til umgjörð um og sett í samhengi við eigin verk, en þau hefur hún skapað sérstaklega fyrir þessa sýningu. Þetta gerir hún í samvinnu við sýningarstjórnann, Jón B. K. Ransu, og úr verður samtal liðinna tíma við daginn í dag. Ólík verk mætast og fá nýtt líf í tengslum við verk Hildigunnar, safnið og samhengið. Það er spennandi, setur hlutina í annað ljós og setur fram spurningar um safneignina, framsetningu verka, samhengi hluta, samtímalistina og um leið samtíma okkar. Þannig öðlast myndlistin nýtt sjónarhorn sem gefur mynd af lifandi safneign sem er háð umhverfi sínu og síbreytileg.

Hlynur Hallsson, safnstjóri og myndlistarmaður.




Konur gerðu garðinn eftir Tove Ólafsson 1912, 2023

innrömmuð ljósmynd
42 x 32 cm
Edition of 1 + 1AP
HB0219




merkilegur pappír, 2023

pólíhúðað stál
40 x 201 x 17 cm
HB0218



c.a. burstu hæð, 2023

linoleum dúkur
9 x 558 x 616 cm
HB0217



af þessum heimi, 2023

pólíhúðað stál
160 x 96 cm
HB0216

Verkalisti:



HILDIGUNNUR BIRGISDÓTTIR

Konur gerðu garðinn eftir Tove Ólafsson 1912,, 2023

innrömmuð ljósmynd

42 x 32 cm

16 1/2 x 12 1/2 in

Edition of 1 + 1AP (#1/1)

(HB0219)



HILDIGUNNUR BIRGISDÓTTIR

merkilegur pappír, 2023

pólíhúðað stál

40 x 201 x 17 cm

16 x 79 x 6 1/2 in

(HB0218)



HILDIGUNNUR BIRGISDÓTTIR


c.a. burstu hæð, 2023

linoleum dúkur

9 x 558 x 616 cm

3 1/2 x 219 1/2 x 242 1/2 in

(HB0217)



HILDIGUNNUR BIRGISDÓTTIR

af þessum heimi, 2023

pólíhúðað stál

160 x 96 cm

(HB0216)